

Nýsköpunartorg – 23.-24. maí 2014

NÝ SÓKN við að gera Ísland aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun

Nýsköpunartorg, afmælishátíð og upphaf að nýrri sókn

Nýsköpunartorg 2014, fór fram í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn og laugardaginn, 23. og 24. maí. Þetta var samstarfsverkefni sem beindi kastljósinu að árangri í nýsköpun sem hefur átt sér stað í íslensku atvinnulífi á undanförunum árum og því starfsumhverfi sem hefur verið til staðar. Nýsköpunartorgið var umgjörð um margþættan viðburð þar sem leitast var við að gefa heildarsýn á árangur, stöðu, starfsumhverfi, tækifæri og framtíð fyrirtækja á Íslandi sem byggja á nýsköpun. Á torginu voru sýningar og kynningar á uppbyggingarferli fyrirtækja, árangur fyrirtækja, afurðum og þjónustu, Auk þess voru viðurkenningar í Ecotrophelia Iceland sem er keppni um vistvæna nýsköpun matvæla og Vaxtarsprotinn afhentur. Þá var horft til framtíðartækifæra og hugað að forsendum nýsköpunar í atvinnulífinu í máli og myndum. Á sérstakri afmælistýningu Tækniþróunarsjóðs kynntu um 60 nýsköpunarfyrirtæki þróunarverkefni, árangur og afurðir þeirra.

Atburðurinn var á vegum fjölda samstarfsaðila bæði úr röðum nýsköpunarfyrirtækja, stjórnvalda og aðila sem mynda stoðkerfi atvinnulífsins á sviði nýsköpunar. Þeir aðilar sem komu að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins voru Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík, Tækniþróunarsjóður, Hátækni- og sprotavettvangur, Ský, Einkaleyfastofa, Klak-Innovit, Íslandsstofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Landsbankinn, Staðlaráð Íslands, Kauphöll Íslands og fjölda fyrirtækja sem tóku þátt í málstofum, örerindum og sýningunni. Verkefnastjórn skipuðu fulltrúar frá SI, HR, Ský og Einkaleyfastofu. Nokkrir af helstu aðilunum sem stóðu að Nýsköpunartorginu áttu afmæli. Má þar nefna Samtök iðnaðarins átti 20 ára afmæli, Samtök sprotafyrirtækja og Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja 10 ára afmæli, Tækniþróunarsjóður 10 ára afmæli og svo eins árs afmæli ríkisstjórnarinnar.

Ari Kristinn Jónsson rektor HR bauð gesti velkomna í húsakynni skólans og lýsi yfir ánægju með það góða samstarf sem lægi að baki undirbúningi að Nýsköpunartorginu. Hann vonaðist til að hugmyndin yrði þróuð áfram á komandi árum, jafnvel þannig að hún fengi alþjóðlegan blæ, e.t.v. sem „Innovation Galaxy“ sem notað var sem vinnuheiti í undirbúningi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra opnaði torgið formlega með sóknarhug og hamingjuóskum til afmælisbarnanna. Hann greindi frá aðgerðaáætlun stjórnvalda og vísinda- og tækniráðs, sem samþykkt hafði verið á deginum á undan, um að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2014-2016 sem ætlað er að styðja við og efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og gagnsæja nýtingu opinbers fjár. Samþykkt ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir því að samkeppnissjóðirnir verði eflir um 800 milljónir króna á næsta ári og stefnt að enn frekari aukningu 2016 með hliðsjón af fjárhagsstöðu ríkissjóðs eða um 2 milljarða króna. Á sama tíma er gert ráð fyrir, meðal annars með skattahvötum, að atvinnulífið auki hlut sinn í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Markmiðið með þessum aðgerðum er að í heildina verði fjárfestingar til vísinda og nýsköpunar á Íslandi auknar úr áætluðum tæpum 2,7% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2014 í 3% árið 2016.



Helstu markmið áætlunarinnar sem snúa að atvinnulífinu eru m.a.:

- að nýta skattkerfið markvisst til að hvetja til fjárframlaga fyrirtækja og einstaklinga til vísinda og nýsköpunar
- að innleiða skattalega hvata til að auka fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum
- að skapa umhverfi fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum
- að efla sókn í samkeppnissjóði og markaði á alþjóðlegum vettvangi
- að auka stuðning og ráðgjöf við nýsköpunarfyrirtæki sem stefna á alþjóðlegan markað
- að efla samstarf háskóla og atvinnulífs við grunn- og framhaldsskóla
- að fjölga útskrifuðum nemendum í raun-, tækni-, og iðngreinum
- að hvetja til aukinnar samvinnu háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja um rannsóknartengt framhaldsnám
- að styrkja fjármögnun doktorsnáms
- að endurskoða skipulag og umgjörð vísinda- og nýsköpunarkerfisins m.a. með því að setja ný rammalög um rannsóknastofnanir
- að þróa heildstætt upplýsingakerfi um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstafs
- að meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið
- og að bæta hagtölugerð um íslenskt atvinnulíf m.t.t. rannsókna, verðmætasköpunar, útflutnings og nýsköpunar

Forsætisráðherra lauk opnunarræðu sinni með þeim orðum að þakka fyrir gott aðhald á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar og vonaðist eftir góðu samráði um framtíðina næstu þrjú árin um leið og hann lýsti Nýsköpunartorgið formlega sett. Ráðherra var síðan boðið að forskoða sýningu Tækniþróunarsjóðs með 60 nýsköpunarfyrirtækjum sem opnuð var formlega af iðnaðarráðherra um hádegið sama dag.



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI sagði Samtök iðnaðarins leggja áherslu á framleiðni um þessar mundir og óásættanlegt væri að vera eftirbátar nágrannapjóða í þeim efnum. Aukin framleiðni væri drifkraftur hagvaxtar og verðmætasköpunar og við yrðum að auka framleiðslugetu hvers einstaklings til að skapa meiri verðmæti. Það má gera með aukinni tækni, bættum verkferlum, gæðakerfum og síðast en ekki síst aukinni menntun og þá sérstaklega í verk- og tæknigreinum.

Íslenskur iðnaður hefur átt þátt í því að gjörbylta atvinnuháttum hér á landi s.s. í matvælavinnslu, sjávarútvegi, heilbrigðiskerfinu, áliðnaði, orku- og umhverfistækni svo dæmi séu tekin. Við stöndum á Nýsköpunartorgi íslensks atvinnulífs, þar sem kynnt eru fjölmörg verkefni sem íslenskt athafnafólk vinnur að nú um stundir. Framlag þessara aðila er ekki lítið. Hér er sleginn tónn framtíðar Íslands. En til þess að hinn frjó jarðvegur skapandi hugsunar megi dafna verða stjórnvöld að leggja þar sitt af mörkum. Það geti þau gert m.a. með skattalegum hvötum vegna hlutafjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum, framlengingu laga um endurgreiðslu á rannsókna- og þróunarkostnaði endurskipulagningu stuðnings- og fjármögnunarumhverfis og með því að stórefla fjármagn til iðn- tækni- og háskóla hér á landi.



Guðrún fagnaði nýrri aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs um að stórauka fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar. Þetta væru góðar fréttir sem við gleðjumst yfir. Við þurfum að gera Ísland að aðlaðandi fyrir nýsköpunarfyrirtæki og búa svo um að þau vilji starfa hér áfram. Við verðum að velja okkur verðmætar greinar, við verðum að mennta fólkið okkar og við verðum að fjárfesta í framtíð sem metin er í gæðum en ekki í bara magni sagði Guðrún að lokum.

Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Innovit Klak fjallaði næst um starfs- og stoðkerfi nýsköpunarfyrirtækja og greindi frá úttektarverkefni sem Innovit-Klak er að vinna í samstarfi við Reykjavíkurborg í því sambandi. Í máli Salóme kom fram að stoðkerfi nýsköpunar hefur að mörgu leiti verið að eflast hér á landi á undanförunum árum og fleiri aðilar verið að koma að uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja. Engu að síður er margt sem mætti bæta og straumlínulaga. Eins þarf að bæta upplýsingar og aðgengi að stoðkerfinu. Það er til sérstakrar skoðunar í umræddu verkefni, en stefnt að því að gera niðurstöður þess aðgengilegar á netinu.

Davíð Lúðvíksson, SI hljóp í skarðið fyrir Hilmar Veigar hjá CCP, formann Tækniþróunarsjóðs og fjallaði um árangur af fjárfestinum ríkisins í nýsköpun gegnum Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslur rannsókna og þróunarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 153 frá 2009. Það kom fram hjá Davíð, að samkvæmt könnun sem var gerð meðal fyrirtækja sem tóku þátt í sýningu Tækniþróunarsjóðs og hafa nótíð stuðnings sjóðsins auk þess mörg hver að nýta heimildir til endurgreiðslna, að fyrirtækin voru alltaf að skila meira í ríkissjóð en ríkissjóður lagði til fyrirtækjanna í formi styrkja eða endurgreiðslna R&D kostnaðar. Ríkissjóður var því í jákvæðu greiðsluflæði yfir allt tímabilið 2005-2013 sem könnunin náði til.

Vinnustofur og málstofur um stoðþjónustu

Kjarninn í fagráðstefnunni á föstudeginum voru vinnustofur um uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og kynningar á þjónustu stoðaðila. Í vinnustofunum um uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja var skipt í þrjár línur þar sem fyrirtækjum var skipt í deildir eftir þroskastigi og veltu. Í hverri deild var boðið upp á faglega umræðu um; stjórnun og innviði, nýsköpun og þróun, markað og tengsl, fjármögnun og hluthafa. Farið var yfir helstu þarfir, hvaða þjónstuaðilar eru að sinna þessum þörfum og hvaða þjónustur standa fyrirtækjum til boða.



Í málstofu um tengdar stoðþjónustur var fjallað um afmörkuð fagsvið s.s. markaðs- og útflutningsmál, upplýsingaröryggi, höfundarétt, einkaleyfi, rafræn viðskipti, CE-merkingar og staðlamál og orkumál auk þess sem Samtök iðnaðarins, Íslandsstofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins kynntu sínar þjónustur.

Gestir ráðstefnunnar gátu valið sér um fyrirlestra sem mestan áhuga vöktu.



Opnun sýningar Nýsköpunartorgs, Tækniþróunarsjóðs og viðurkenningar Eco Trophelia



Í hádegishléi afhenti Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra viðurkenningar í EcoTrophelia Iceland sem er hluti af [alþjóðlegri keppni](#) og er vöruþróunarkeppni meðal háskólanemenda sem felst í því að þróa vistvæna matvöru. Markmið keppninnar er að minnka umhverfisáhrif frá íslenskri matvælaframleiðslu með því að skapa nýjar vistvænar mat- og drykkjarvörur. Þar er m.a. um að ræða notkun vannýtttra hráefna, notkun nýrra og umhverfisvænna framleiðsluaðferða, umbúða eða flutningsmáta. Að keppninni standa Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís og Samtök iðnaðarins í samstarfi við íslenska háskóla.

Tvö lið kepptu til úrslita í ár. Annað liðið skipa þær Brynja Einarsdóttir, Guðjóna Björk Þorbjarnardóttir og Hrefna Lind Einarsdóttir og voru þær með vöruna BEjuicy sem er frostpurrrkaður grænmetisæfi á duftformi.

Hitt liðið skipa Christopher Melin og Páll Arnar Hauksson með vöruna Fjöru sem er þaramajónes. Svo fór að þaramajónes var valið sigurvegari Ecotrophelia Ísland að þessu sinni. Fjaran majónesið er skemmtileg nýjung á matvælamarkaði. Majónesið er unnið úr íslensku þangi og er þangið sólþurrkað á íslensku hrauni. Varan hentar grænmetisætum (e. vegans) jafnt sem öðrum sem áhuga hafa á því að bæta hollustuefnum í mataræði sitt. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu vörunnar, <http://www.p.is/fjara/>.

Í framhaldi af því opnaði iðnaðarráðherra sýningu Nýsköpunartorgs og Tækniþróunarsjóðs þar sem um 60 nýsköpunarfyrirtæki kynntu þróunarverkefni, árangur og afurðir þeirra auk þess sem sem á þriðja tug annarra fyrirtækja og þjónustuaðila í nýsköpun kynntu afurðir og þjónustu sína. Sýningin var í leiðinni 10 ára afmælissýning Tækniþróunarsjóðs þar sem lögð var áhersla á að gera árangur þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur stutt sýnilegan og áþreifanlegan. Að lokinni opnunarathöfn kynnti ráðherra sér bjarta framtíð í útflutningstækifærum þjóðarinnar sem felst í fjölbreyttri flóru tæknilausna sem nýsköpunarfyrirtækin hafa þróað fyrir tilstyrk Tækniþróunarsjóðs.



Vaxtasprotinn 2014 afhentur í áttunda sinn

Að málstofum loknum, fór fram viðurkenningarathöfn Vaxtarsprotans. Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.



Vilborg Einarsdóttir stjórnarmaður hjá Samtökum iðnaðarins og Tækniþróunarsjóði afhenti fulltrúum fyrirtækjanna viðurkenningar. Fyrirtækið Datamaket ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2014 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis á síðasta ári. Fyrirtækið jók sölutekjur sínar milli ára 2012 og 2013 um 134%. Fyrirtækin Valka, Nox Medical og Skema fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli ára 2012 og 2013, en viðurkenningunum var skipt í tvo flokka. Í 2. deild, flokki sprotafyrirtækja með veltu á bilinu 10-100 milljónir hlutu fyrirtækin Skema og Datamarket viðurkenningu en í 1. deild, flokki sprotafyrirtækja með ársveltu á bilinu 100-1000 milljónir fengu fyrirtækin Nox Medical og Valka viðurkenningu.

Samtök iðnaðarins veita sérstaka viðurkenningu til sprotafyrirtækja sem velta í fyrsta sinn meira en einum milljarði króna. Fyrirtækið Nox Medical náði þeim áfanga á síðasta ári og var því brautskráð sem sprotafyrirtæki inn í úrvalsdeild íslenskra hátæknifyrirtækja. Áður hafa CCP, Betware, Nimblegen og NaustMarine hlotið þessa viðurkenningu.

Þetta er í áttunda sinn sem Vaxtarsprotinn er afhentur en hann hefur verið veittur árlega frá árinu 2007. Áður hafa hlotið Vaxtarsprotann fyrirtækin Maroka 2007, Mentor 2008 og 2009, Nox Medical 2010, Handpoint 2011, Valka 2012 og Meniga 2013.

Verðlaunagripur Vaxtarsprotans er farandgripur úr áli og steini gefinn af Samtökum iðnaðarins, en auk hans fylgir skjöldur úr sömu efnum til eignar. Fyrirtækin fjögur sem hlutu viðurkenningar fengu auk þess sérstök viðurkenningarskjöl.



NÝSKÖPUNARTORG fyrir alla fjölskylduna á laugardegi

Á laugardeginum 24. maí á milli kl 11 og 17 var boðið upp á spennandi NÝSKÖPUNARTORG fyrir alla fjölskylduna. Öllum sem áhuga hafa á nýsköpun og tækni var boðið á Nýsköpunartorgið. Um 80 nýsköpunarfyrirtæki og stofnanir kynntu vörur og þjónustu á sérstakri sýningu og um 35 fyrirtæki sögðu frá uppbyggingu síns fyrirtækis, þróunarverkefnum og vörum í stuttum erindum.



Að auki var boðið upp á margvísleglega skemmtilega atburði fyrir alla fjölskylduna, m.a.

- Kynningar fyrirtækja um tækifærin í tækni kl. 12.20-15.00 - Sjá DAGSKRÁ
- Pollapönk tók lagið
- Matvælafyrirtæki kynntu nýjungar
- Kubbað með MindstormLego
- Spilað með Spilavinum
- Fjögur vinningslið GameCreator kynntu nýja tölvuleiki
- Mælingar á ástandi húðarinnar í boði EGF húðvara
- Prófað að hjóla með heimsins léttasta hjólgaflfi
- Hvernig verður rafmagn til?
- Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
- Ekta eða fake? - Falsaðar vörur til sýnis
- Nýsköpun á orðavegg Ský
- Stiklur úr íslenskum kvikmyndum
- og fleira skemmtilegt...

Frítt var inn á sýninguna og alla atburði Nýsköpunartorgsins.

Örkynningar fyrirtækja á laugardegi

Á laugardeginum 24. maí á milli kl 12 og 15 var boðið upp á örkynningar fyrirtækja þar sem tækifærin í tækni voru kynnt fyrir almenningi og öllum þeim sem hafa áhuga á nýsköpun og tækni. Samtals voru 31 fyrirtæki með kynningar auk þess sem niðurstöður tveggja nemendaverkefna voru kynntar.

Tækifæri í tækni – kynningar fyrirtækja og önnur erindi á laugardegi 24. maí

V101		M101		V102	
TÆKIFÆRIN Í TÆKNI – KYNNINGAR FYRIRTÆKJA				ÖNNUR ERINDI	
12.20-13.20	Vaxtarsprotarnir		Umhverfistækni		
	12.20	Marorka	12.20	EcoNord	
	12.30	Valka	12.30	ReMake	
	12.40	Meniga	12.40	Fjölbendir	
	12.50	Mentor	12.50	Naust Marine	
	13.00	Handpoint	13.00	Stjörnu – Oddi	
	13.10	Nox Medical			
13.20-14.20	Heilbrigðisiðnaður		Upplýsingatækni		14.00-14.50
	13.20	Oxymap	13.20	Stiki	
	13.30	Somnify	13.30	CCP	
	13.40	Kvikna	13.40	Tölvumiðlun	
	13.50	Arctic Sequenta	13.50	TM Software	
	14.00	Kine	14.00	Dohop	
	14.10	Actavis	14.10	Skema	
14.20-15.10	Framleiðsla - Ráðgjöf		Líftækni		
	14.20	Verkís	14.20	SagaMedica	
	14.30	Samey	14.30	Bláa Lónið	
	14.40	Brum – invest	14.40	Marinox	
	14.50	HR nemendakynning	14.50	Zymetech	
	15.00	HR nemendakynning	15.00	Orf Líftækni	





Nánar um fagraðstefnu og málstofur föstudaginn 23. maí kl. 8.45-10.00

Fagraðstefnan hófst með sameiginlegri dagskrá í Sólinni en síðan voru haldnar málstofur í sex stofum HR. Annars vegar þrjár þemalínur um uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja þar sem fyrirtækjum var skipt í deildir eftir veltu og hins vegar málstofur um tengda stoðþjónustu s.s. höfundarétt, einkaleyfi og staðla. Gestir Nýsköpunartorgsins gátu valið sér þá fyrirlestra sem þeir höfu áhuga á.

Málstofur um uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja

Málstofunum var skipt eftir þroskastigi fyrirtækja, þar sem í 3. deild fyrirtæki eru að taka sín fyrstu skref og ekki búnin á ná 10 mkr. í veltu en í 1. deild var rætt um þarfir fullþroskaðra fyrirtækja sem eru með veltu á bilinu 100-1000 mkr.

Fyrir hverja deild var boðið upp á faglega umræðu um þarfir og uppbyggingu fyrirtækja og hvaða þjónusta er í boði á eftirfarandi sviðum:

1. Stjórnun og innviðir
2. Nýsköpun og þróun
3. Markaður og tengsl
4. Fjármögnun og hluthafar

Umsjón og framkvæmd

Í hverri málstofu er skipaður umsjónaraðili sem kemur úr röðum þjónustuaðila (sjá dagskrá).

Umsjónaraðili var með inngang og lýsti þeirri þjónustu sem er í boði, bæði eigin þjónustu og annarra. Fulltrúar annara þjónustuaðila eru viðstaddir og tóku þátt í umræðum. Umsjónaraðilar skráðu ábendingar og annað sem kom fram umræðum. Tímalengd hverrar málstofu var 50 mín.

Dagskrá hverrar málstofu um uppbyggingarferli fyrirtækja

1. Inngangur umsjónaraðila
2. Lýsing á þörfum og þjónustu sem er í boði, 10 mín, sjá töflur 1.-3. deild
3. Reynsla fyrirtækis, 10 mín
4. Fyrirspurnir, ábendingar, skoðanakönnun og umræða, 20 mín

Málstofur um tengda stoðþjónustu

Kynningar frá fag- og stuðningsumhverfi ætlaðar fyrirtækjum í uppbyggingarferlinu voru til hliðar við málstofur.



SÓLIN

8.45-10.00	Ávarp – Ari Kristinn Jónsson, rektor HR Setning – Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra Aukin framleiðni, verðmætasköpun og útflutningur – Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI Fjárfestingar ríkisins í nýsköpun – Hilmar Veigar Pétursson, formaður Tækniþróunarsjóðs Starfs- og stoðkerfi nýsköpunarfyrirtækja – Salóme Guðmundsdóttir, Innovít Klak					
	V101	V102	M101	M103	V109	V108
	Málstofa 3. deild (0-10 mkr.)	Málstofa 2. deild (10-100 mkr.)	Málstofa 1. deild (100-1000 mkr.)	Málstofur þjónustu- og fagaðila		
10:10-11:00	Í startholunum (Stjórnun og innviðir) Klak Innovít Lauf-Forks Blendin	Vöruaðlögun (Nýsköpun og þróun) NMÍ Reontech	Straumlínustjórnun (Stjórnun og innviðir) SI NaustMarine	CE – merking Staðlaráð Íslands <i>Arngrímur Blöndal</i>	Orkustjórnun í fyrirtækjum Staðlaráð Íslands SI og CTI	Evrópskt samstarf styrkir og bætir Evris <i>Jón Steindór Valdimarsson</i>
11:10-12:00	Fyrsta salan (Markaður og tengsl) Íslandsstofa Betri Svefn Reykjavík Letterpress	Framhalds-fjármögnun (Fjármögnun og hluthafar) NSA Controlant	Uppsköpun – heildarlausnir (Nýsköpun og þróun) NMÍ ORF Líftækni	Einkaleyfi Össur hf. <i>Tatjana Latinovic</i>	Framh. Orkustjórnun í fyrirtækjum <i>Sigurður Siguðarson og Bryndís Skúladóttir</i>	Kauphöll Íslands <i>Páll Harðarson</i>
12:00-13:20	Hádegisverður í Sólinni – Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðarráðherra opnar sýningu – Viðurkenningar Ecotrophelia, keppni í vistvænni nýsköpun matvæla					
13:20-14:10	Fyrsta þróunarverkefnið (Nýsköpun og þróun) NMÍ LUMENOX	Markaðsuppbygging (Markaður og tengsl) Íslandsstofa AGR/Íslenskur æðardúnn	Vaxtarfjármögnun (Fjármögnun og hluthafar) Landsbankinn Marorka	Upplýsingaöryggi Stiki <i>Erlendur Steinn Guðnason</i>	Hugverkaréttur STEF - Virði tónlistar fyrir atvinnulífið Einkaleyfastofan – Skráð hugverk skapa verðmæti	Þjónusta SI <i>Davíð Lúðvíksson</i>
14:10-15:00	Frumfjármögnun (Fjármögnun og hluthafar) Rannís Kerecis Marinox	Þróun ferla og skipulags (Stjórnun og innviðir) SI/HSV Stiki	Alþjóðavæðing (Markaður og tengsl) Íslandsstofa Thorice Mentor	Rafræn viðskipti Staðlaráð Íslands <i>Georg Birgisson</i>	Þjónusta NMÍ Hildur Sif Arnadóttir	Hlutfjármögnun NSA
15:10-17:00	Vaxtarsprotinn – afhending viðurkenninga Léttar veitingar					



3. DEILD (velta 0-10 Mkr.)	Þarfir	Þjónustuaðilar	Þjónusta - Lausnir
1. Í startholunum (Stjórnun og innviðir)	• Framtíðarsýn og forsendur • Þekking á þörfum á markaði • Viðskiptaáætlun - fjármögnun • Stofnun fyrirtækis – stofnaáætlun – skráning – starfsleyfi (ef við á) • Samkeppnisforskot – á hvaða grunni? • Þekking – teymi – samstarf • Aðstaða – tengslanet • Stjórnun, skipulag og verklag • Hugverkavernd	• Klak Innovit • Nýsköpunarmiðstöð Íslands • Rannís • Stjórnvísí, Dokkan • Sjávarklasi • Jarðvarmaklasi • Rannsóknarþjónusta HÍ • Atvinnuráðgjafar – • Innovation House • Einkaleyfastofa	• Brautargengi • Átak til atvinnusköpunar • Upp úr skúffunum • Gulleggið • Start up Iceland • Faghópar Stjórnvísí / Dokkunnar • Sprotahús – nýsköpunarsetur • Starfsleyfi • Startup Weekend Reykjavík • Global Entrepreneurship Week • Nýsköpunarhádeggi Klak Innovit • Startup Stories • Energy Stories
2. Fyrsta þróunarverkfnið (Nýsköpun og þróun)	• Samstarfsaðilar - tengslanet • Þróunarverkfnið - áfangar/vörður • Fjármögnun þróunarverkefnis • Verkefnisstjórnun – fjármálastjórn • Hugverkavernd	• Nýsköpunarmiðstöð Íslands • Klak Innovit • Tækniþróunarsjóður, AVS • Ráðgjafar • SI/SSP • Einkaleyfastofa • Matís • Staðlaráð	• Starfsgreinahópar SI • Tækniþróunarsjóður – frumherjastyrkir • Staðlar og CE-merking • Aðstoð við öflun einkaleyfa • Ný sköpun / Ný tengsl Klak Innovit og Viðskiptaráð Íslands • Startup Reykjavík • Startup Energy Reykjavík
3. Fyrsta salan (Markaður og tengsl)	• Skilgreining vöru/þjónustu - framsetning • Fyrsta salan - fyrsti viðskiptavinurinn • Markaðssetning - dreifileiðir – þjónusta • Samningagerð • Greiðslufyrirkomulag	• Íslandsstofa • Klak Innovit/Seed Forum • Sendiráð	• Aðstaða og þjónusta sendiráða • Seed Forum • Startup Reykjavík • Startup Energy Reykjavík • Markaðsupplýsingar • Vinnustofur • Útflutningsráðgjöf
4. Fjármögnun á frumstigum (Fjármögn og hluthafar)	• Hlutfjármögnun, rekstrarfé • Fjármögnun þróunarstarfs • Fjármögnun markaðsstarfs • Fjármögnun samninga • Bankatryggingar • Samfelld fjármálaþjónusta • Samskipta- og upplýsingakerfi fyrir hluthafa	• Rannís/Tækniþróunarsjóður • NSA • Byggðastofnun • Bankar (LB, ÍSB, Arion) • Eyrir • Tækniþróunarsjóður • AVS • Brum funding • Evris	• Þróunarstyrkir TþS, AVS ofl. • Hlutfjármögnun • Seed Forum • Átak til atvinnusköpunar • Hópfjármögnun • Styrkir frá bönkum • Vaxtarsamningar atvinnuþróunarfél. • Startup Reykjavík • Startup Energy Reykjavík • Styrkir og gerð umsókna



2. DEILD (velta 10-100 Mkr.)	Þarfir	Þjónustuaðilar	Þjónusta - lausnir
5. Þróun ferla og skipulags (Stjórnun og innviðir) 6. Vöruaðlögun (Nýsköpun og þróun) 7. Markaðsuppbygging (Markaður og tengsl) 8. Framhaldsfjármögnun (Fjármögnun og hluthafar)	• Framtíðarsýn og stefnumótun 2 • Viðskiptaáætlun 2 • Stjórn- og gæðakerfi • Ferli / umbætur / aðferðir /tækni • Skipulag r&þ /straumlínustjórnun 1 • Þjálfun og þróun mannauðs – mönnun • Mat nýnæmi, hæfni einkaleyfisumsókna, samkeppnishæfni	• Samtök iðnaðarins • Nýsköpunarmiðstöð Íslands • Ráðgjafar • HÍ/EHÍ/HR • Stjórnvísir • Staðlaráð Íslands • Vottun hf. / BSI • Evris • Nordic Patent Institute	• Málefnaþópar SI – fagþjónusta og ráðgjöf • Námskeið og ráðgjöf • ABCD – þrepavottun SI • Vottunarþjónusta Vottunar /BSI • CE merking • Faghópar Stjórnvísir • Upplýsingar um staðla • Staðlavaktin • Starfsorka • Nýnæmisrannsóknir NPI • Stefnumótun og framtíðarsýn
	• Nýjar þarfir / nýtt samstarf • Fjármögnun 2 – þróunarstyrkir • Gæði / CE-merkingar/staðlar • Skipulag framleiðslu/þjónustu	• Nýsköpunarmiðstöð Íslands • Samtök iðnaðarins • Matís • Staðlaráð • Háskólar • Evris	• Samstarfsvettvangar SI • Stefnumótunarferli SI • Gæðakerfi SI - ABCD – þrepavottun • Enterprise Europe Network • Nýnæmisrannsóknir NPI • Styrkir og gerð umsókna • Verkefnaþróun og verkefnastjórnun
	• Markaðsáætlun 2 • Nýir markaðir – viðskiptavinir – nýjar þarfir • Uppbygging tengslanets • Skipulag söluferla • Vottun / CE-merkingar / aðlögun	• Íslandsstofa • Samtök iðnaðarins • Sendiráð • Klak Innovit • Evris	• Starfsgreinaþópar SI • Tölfræði og hagtölur SI • Útflutningsverkefnið ÚH • Handleiðsluverkefnið Útstím (1 fasi) • Enterprise Europe Network • Aðstaða erlendis og upplýsingar • Samstarfsvettvangar SI • Startup Reykjavík • Startup Energy Reykjavík • Seed Forum • Stefnumótun og framtíðarsýn
	• Fjármögnun samninga • Greiðslutryggingar • Fjármögnun vöruaðlögunar og umbóta • Vöruþróun 2 • Fjármögnun uppbyggingar innviða • Fjármögnun markaðsáætlunar 2 • Samskipta- og upplýsingakerfi fyrir hluthafa	• NSA • Tækniþróunarsjóður • AVS • Bankar • Eyrir • Brum Invest • Nýsköpunarmiðstöð Íslands • NOPEF • Kauphöll Íslands	• Endurgreiðsla R&þ • Verkefnastyrkir TPS og AVS • Fjárfesting • Horizon 2020 • Eureka • First North



1. DEILD (velta 100-1000 Mkr.)	Þarfir	Þjónustuaðilar	Þjónusta - nr.
9. Straumlínustjórnun (Stjórnun og innviðir) 10. Uppskölun – heildarlausnir (Nýsköpun og þróun) 11. Alþjóðavæðing (Markaður og tengsl) 12. Vaxtarfjármögnun (Fjármögnun og hluthafar)	• Framtíðarsýn og stefna 3 • Mannauðsstjórnun – þekkingarþróun • Þróun innviða/kerfa/ferla/þjónusta • Innleiðing og uppbygging straumlínustjórnunar • Handbækur og notendaleiðbeiningar • Stjórnskipulag og stýring vaxtar • Mannauðsstjórnun í alþjóðlegu umhverfi	• Samtök iðnaðarins • Nýsköpunarmiðstöð Íslands • Stjórnvísir • Dokkan • Lean Ísland • Vottun hf.	• Málefnaþópar SI – fagþjónusta og ráðgjöf • ABCD – þrepavottun SI • Stefnumótunarferli SI • Faghópar Stjórnvísir (Leanhópur) • Lean Ísland ráðstefna og námskeið • Vottunarþjónusta Vottunar
	• Stöðlun vöru- og þjónustuframboðs • Heildarlausnir • Þróun og rannsóknir – skipulag • Hugverkavernd	• Nýsköpunarmiðstöð Íslands • HÍ/HR/ • Samtök iðnaðarins • Staðlaráð Íslands • Ráðgjafar • Einkaleyfastofa • Matís	• European Enterprise Network • Hugverkavernd
	• Þróun markaðsstarfs og tengslanets • Nýjar þarfir og markaðsaðlögun • Viðskipta- og markaðsáætlan 3 • Alþjóðlegt tengslanet og samstarf • Umboðsmanna-, sölu- og þjónustukerfi.	• Íslandsstofa • Samtök iðnaðarins • Nýsköpunarmiðstöð Íslands • Frumtak • Klak Innovit • Evris • Matís • Einkaleyfastofa	• Málefnaþópar SI – • Starfsgreinaþópar SI • Handleiðsluverkefnið Útstím (2 fasi) • Fræðsluferðir • Sýningar • Viðskiptasendinefndir • Tengslanetið (viðskiptafulltrúar, sendiráð og EEN) • Startup Energy Reykjavík • Startup Reykjavík • Seed Forum • Global Entrepreneurship Week • Startup Weekend Reykjavík • Stefnumótun og framtíðarsýn • Styrkir og gerð umsókna • Verkefnaþróun og verkefnastjórnun • Mat og eftirlit • Hugverkavernd
	• Vaxtafjármögnun • Hlutfjármögnun • Fjármögnun vaxtar og skráning í kauphöll/markað • Samskipta- og upplýsingakerfi fyrir hluthafa • Samfelld keðja fjármögnunar – inn/út (exit) • Skilningur fjármálafyrirtækja á þörfum nýsköpunarfyrirtækja	• Landsbankinn / aðrir bankar • Framtakssjóðir • Kauphöll Íslands • Eyri • Enterprise Europe Network • Eureka • Tækniþróunarsjóður	• First North / Aðallisti kauphallar • Hlutfjárútboð og viðskipti • Hlutfjármögnun framtakssjóða • Rekstrarfjármögnun banka • Alþjóðleg þróunarverkefni – fjárm. • ESB Frame Work Program • Verkefnafjármögnun TPS



Sýnendur:

3Z	Flygildi	Landsbankinn	MTT	Sigurást
Actavis	Geosilica Iceland	Lauf Forks	Nox Medical	Skema
Arionbanki	Giro	Lipid Pharmaceuticals	Nýsköpunarkeppni	Ský
Atferlisgreining	Hafrannsóknarstofnun	Lífdísill	grunnskólanna	Spilavinir
Belgingur	Hraðfrystihúsið Gunnvör	Lífeind	Nýsköpunarmiðstöð	Staðlaráð
Bláa Lónið	Handpoint	Lumenox	Íslands	Stiki
Carbon Recycling	HR	MainManager	Oculus	Stjörnu-Oddi
International	Hugdetta	Mannvit	ORF Líftækni	Svinna-verkfræði
CCP	Iceland Geothermal	Marel	Oxymap	Tóngreinir
Controlant	IGI/Game Creator	Marorka	Pólar togbúnaður	Trackwell
Coori	Íslandsstofa	Matís	ReMake Electric	Tulipop
Corpus Sanus	Kauphöllin	Meniga	Risk Medical Solutions	Tölvumiðlun
DataMarket	Kazy	Menn og mýs	RÓRó	VAKI
Dohop	Kerecis	Mentis Cura	SagaMedica	Valka
EcoTrophelia Iceland	Kine	Mentor	Samband íslenskra	Verkís
Einkaleyfastofa	Kjörís	Microsoft	kvikmyndaframleiðenda	Videntifier Technologies
ErkiTónlist	Klak Innovit	MindStorm	Samey	Ýlfur
Fjarðanet	Kúla	Mint Solutions	Samtök iðnaðarins	Zymetech
Fjölblendir	Kvikna	Mjólkusamsalan	Set	Össur

